



Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta

Endurskoðuð nóv 2022



BORGARBYGGÐ

Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér, því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð. Hægt er að draga verulega úr hættu ef komið er í veg fyrir að þungir hlutir geti fallið yfir starfsfólk og börn.

Forvarnir

1. Festið skápa, hillur og þunga muni í gólf eða vegg.
2. Látið þunga muni ekki vera ofarlega í hillum eða á veggjum.
3. Festið kynditæki og ofna. Kynnið ykkur staðsetningu vatnsinntaks og rafmagnstöflu.
4. Fyrirbyggjið að hlutir geti fallið á svefnstað í leikskóla.

Viðbrögð þegar verið er innandyra

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Leita skal skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Ef vaknað er upp við jarðskjálfta, skal halda kyrru fyrir og nota kotta til að verja höfuð. Viðbrögð við jarðskjálfta ættu að vera:

1. Krjúpa, skýla höfði og halda sér í ef ekki er unnt að komast á opið svæði.
2. Fara út í horn burðarveggja, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér ef unnt er.
3. Fara í hurðarop, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér.
4. Fara undir borð, KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA í borðfót.
5. Halda sig frá gluggum þar sem þeir geta brotnað.

Viðbrögð ef verið er utandyra

1. Vertu áfram úti.
2. Forðast skal háar byggingar sem geta hrunið eða há tré.
3. Forðast skal raflínur.
4. Best er að halda sig á opnu svæði þar sem byggingar þrengja ekki að.

Eftir jarðskjálfta:

1. Klæðast skóm (ef brak er á gólfum).
2. Ná í nauðsynleg hjálpargögn úr sjúkrakassa ef þarf.
3. Skrófa fyrir inntak vatns og hita ef leki er óviðráðanlegur og slökkva á aðalrofa rafmagns ef húsið er skemmt.
4. Athuga hvort eldur er laus og nota ekki opið ljós eða eld ef hætta er á að eldfim efni hafi hellst niður eða gas sloppið út.
5. Aldrei að snerta fallnar raflínur.
6. Sé það mat þitt að húsið sé í hættulegu ástandi eftir skjálftann, skal fara rólega út.
7. Sé húsið yfirgefið, skal klæðast eins vel og kostur er og fylgja eftir viðbragðs- og rýmingaráætlun.
8. Kveikja á útvarpstæki.

Takið aldrei óþarfa áhættu við björgunarstörf - hugsið fyrst og fremst um öryggi barnanna og ykkar eigið. Æfið viðbrögð barna og starfsmanna: krjúpa, skýla, halda, þar sem því verður við komið, sökum aldurs og þroska og reynið þannig að minnka líkur á meiðslum og ofsahræðslu.